

Þriðjudaginn 3. júnímán.

Nr. 19/1884.

Rjettvísinn

gegn

Eyjólfí Hafliðasyni.

D ó m u r :

Með eigin játningu hins ákærða, Eyjólfis Hafliðasonar, og öðrum skýrslum, sem útvegaðar hafa verið undir rekstri málsins, er það löglega sannað, að hinn ákærði 15. október f. á. hafi komið inn í kolaskúr Teits veitingamanns Jónssonar á Ísafirði og hitt þar fyrir Jón Jónsson nokkurn, sem sat þar á hvilubekk og var nokkuð ölvaður; falaði þá ákærði 1 krónu að láni hjá Jóni þessum, er ljét það falt, og sagði hinum ákærða, að hann hefði peninga sína í stökk í brjóstvasanum, og gæti hann tekið stökkinn og náð sjer einni krónu úr honum. Hinn ákærði fór þá í vasa Jóns, tók upp stökkinn, og þegar hann sá, að gullpeningar voru líka í stökknunum, tók hann úr honum 1 tíukrónagullpening og 1 kr. 35 a. í silfri, og skilaði Jóni síðan stökknunum aptur. Fór Jón þá að telja peninga sína og saknaði tíukrónapeningssins, og bar upp á ákærða, að hann hefði tekið hann, en hinn ákærði bar á móti því, skilaði Jóni aptur krónupeningnum í silfri, en fór leið sína með 10 kr. 35 aura, sem hann hafði tekið úr stökknunum og eyddi því í sínar þarfir, en hefur þó seinna endurgoldið það. Fyrir þetta tiltæki er hinn ákærði dæmdur í aukarjetti Ísafjarðarsýslu 22. marzmán. þ. á. eptir 230. gr. hegningarlaga í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 4 kr. í málsvarnarlaun til

hins skipaða talsmanns síns í hjeraði, en þeim dómi er eptir ósk hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Þetta brot hinsákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur sætt hegningu eða ákæru fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 255. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hann hefur verðskuldað, hæfilega metin eptir þeirri lagagrein 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að því er snertir málskostnað í hjeraði ber að staðfesta undirrjettardóminn, og ber hinum ákærða einnig að gjalda málskostnað fyrir yfirdóminum, þar á meðal málflytningislaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið lögmætt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Eyjólfur Hafliðason, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, svo greiði hann og allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns síns í hjeraði S. Andrjessonar og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóhannesar Ólafssonar, 4 kr. til hins fyrst nefnda og 10 kr. til hvors hinna síðar nefndu.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.